

Ed.

213. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Við 1. gr. 1. málsg. orðist svo:

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar

eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra, eða umboðsmanni hans, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 54, 15. júní 1926, um vörotoll, svo og reikninga um fólksflutninga-bifreiðar, skal lögreglustjóri, eða umboðsmaður hans, stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 15% af innkaupsverði þeirra vara, nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

Í stað »20%« í staflíð A. komi: 30%.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 54, 15. júní 1926, um vörotoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928 og gilda til ársloka 1930.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verðtollslögunum er ekki ætlað að gilda lengur en til ársloka í ár. Nú er það vitað mál, sbr. fjárhagsútkomuna s. l. ár, að því fer svo fjarri, að ríkissjóður megi við því að missa tekjur af verðtollinum, að brýn nauðsyn ber til að afla ríkissjóði meiri tekna. Tekjur af verðtollinum urðu að visu árið 1927 rúmlega það, sem áætlað var, þ. e. 76 þús. umfram áætlun, en lækkun verðtollsins 1926 var þó miklu meir gerð af góðum vilja en nægri fyrirhyggju um fjárförfina. Því að eins og segir í athugasemdunum við vörotollsfrumvarpið, var öll tolllækkunin 1926 gerð fullhvatvíslega, þar sem ekki var jafnframt dregið úr útgjöldum ríkissjóðs sem tolllækkuninni svaraði. Nú er það fyrirsjáanlegt, að afla verður ríkissjóði meiri tekna en núgildandi tekjulöggjöf lætur væntanlega í tje, og þykir því ekki verða hjá því komist að láta verðtollinn bæta úr þeirri þörf að nokkru.

Tekjur ríkissjóðs af verðtollinum, frá því að hann var tekinn í lög 1. apríl 1924, eru þessar:

1924 kr.	897 þús.
1925 —	2085 —
1926 —	1304 —
1927 —	926 —

Frá 1. apríl 1924 til 1. júní 1925 var verðtollurinn 20% af innkaupsverði allra vara, er hann tók til, en frá 1. júní 1925 verða tollflokkarnir 3, þ. e. 30%, 20% og 10%, og fjellu flestar vörurnar undir miðflokkinn. En frá 1. mars 1926 er hundradsgjaldið lækkað niður í 20%, 15% og 5%. Með gildandi lögum voru tollflokkarnir látnir vera aðeins 2, og ætlaðist stjfrv. 1926 til, að hundradsgjald lægra flokksins væri 12¹/₂%, en í meðferð þingsins var það lækkað niður í 10%.

Það þykir fyrir margra hluta sakir heppilegast að hreyfa ekki við flokka-skiptingunni, sem nú hefir fengið festu í framkvæmd, og er því lagt til, að flokka-skiptingin verði látin halda sjer, en hundradsgjaldinu aðeins breytt eins og í frv. segir, hærri flokkurinn hækkaður úr 20% í 30%, en lægri flokkurinn, en af honum er allur meginhluti tollsins, verði hækkaður úr 10% í 15%. Þetta gefur tryggasta niðurstöðu um það, hver tekjuaukinn ætti að verða.

Í 1. og 2. gr. laganna er vitnað til laga nr. 38 1921, sem nú eru úr gildi með lögum nr. 54 1926, og þykir því rjett að breyta þessu um leið og vitna til síðarnefndra laga.

Það þykir ekki fært að láta lög þessi gilda til skemri tíma en ársloka 1930, en hitt væri þó ef til vill rjettara, að láta þau gilda um óákveðinn tíma.